


Afstöðumynd 1 : 500



3D ISO

Öll mál takist/staðfærast á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum skal tafarlaust tilkynna hönnuðum. Teikningar arkitekta skal lesa með teikningum meðhönnuða.

BYGGINGALÝSING OG GREINARGERÐ HÖNNUÐA

- a. Almennt: Brautarholt 16, Landnr.: 103034, Staðgr.: 0-1-1242205, Mhl: 01,02 og 03.
b. Notkun: Húsið er um breytingar á húsinu Brautarholtri 16. Húsið við Brautarholt 16 er þriggja hæða steinsteypd hús auk ris og kjallara byggt árið 1953.
c. Helstu stærðir: Húsið er 4 hæðir og skiptist svona og skiptist í tvo matshúsa (matshúsi 02 og 03 eru sameinaðir í einn).
d. Stærð lóðar, nýtingarhlutfalli: Stærð lóðar er 703,0 m2, og nýtingarhlutfall samkvæmt skráningartöflu A rými + B rými 1.563,4 (1.402,8 í mhl 01 + 160,6 m2 mhl 02) / 703,0 = 2,22.
e. Burðarvirki: Nýverandi burðarkerfi veggja er úr járnbetni steinsteypu.
f. Utanhúsráðningar og litval: Húsið er um breytingar á húsinu Brautarholtri 16. Húsið er um breytingar á húsinu Brautarholtri 16.

- h. Einangrun: heildarvæðing og heildarvæðing.
i. Innanhúsráðningar: Lóft innveggir eru almennt málaðir og eru 122 mm gipsveggir með þéttu 13 mm gipslagi hvoru megin á 70 mm þikkstöðum og með stefnulufrengrinum.
j. Kerfisloft: Kerfisloft eru á göngum.
k. Lagnir: Frárensáslagnir í þró verða plastlagnir sér styrktar á umferðarvæðum.
l. Brunavarnir: Sjá í texta hér til hliðar.
m. Hjóðvíst: Við hönnu endurbætur á Brautarholtri 16 munu kröfur til hjóðvistar skv. gæðaflokki C í staðlinum IST45:2016, Hjóðvíst Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, vera uppfylltar.
n. Öryggisbúnaður: Gestir hafa aðgangi að síma þar sem neyðarnúmer er vel sýnilegt.
o. Tæknibúnaður: Komuð verður fyrir lyftu í húsinu.
p. Aðgangi og algild hönnun: Aðgangi og algild hönnun.
q. Frágangur lóðar: Lóð er almennt heililögd eða stöpt gættist á borgarlandi.
r. Sorp: Sameiginleg sorpgæmsla verður í bakhlösi 0103 mhl 02 fyrir starfseminna.

- BRUNAVARNIR: Elfríðarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun sál (mfr. nr. 24-027) í mars 2024 fyrir gistiheimili í Brautarholtri 16, Reykjavík.
Flokkun og notkun byggingar: Flokkun er af stæðum húsi í notkunaflokki 4 skv. byggingarreglugerð en um að ræða gistiheimili á förum hæðum en auk þess.
Sérstök áhætta: Sérstök áhætta.
Brunahöflun: Brunahöflun.
Kjallningar: Kjallningar eru skv. IST EN 13501.
Flötaleiðir: Flötaleiðir eru vinnuafloði í bakhlösu er ein flötaleið beint út.
Frágangur lóðar: Frágangur lóðar.

- Brunevöðunarkerfi: Vöðunerkenni númerið brunavöðunarkerfi er í öllu gistiheiminu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS.
Stigleisla: Stigleisla.
Loftrásakerfi: Loftrásakerfi.
Skökkvirkir: Skökkvirkir.
Reyklosun: Reyklosun.
Skökkvirkir: Skökkvirkir.
Leiðar- og neyðarlýsing: Leiðar- og neyðarlýsing.
Eftirlit og viðhald brunavarnarkerfa: Eftirlit og viðhald brunavarnarkerfa.

Table with 4 columns: Útg., Dags., Skýring, Braf.

Verkefni: Brautarholt 16 Gistiheimili 105 Reykjavik


Verkhluti: Byggingarlýsing

Table with 2 columns: Field name and value. Fields include: Teikninganúmer: 0.00.001, Verknúmer: 24006, Staðgreinir: 0-1-1242205, Landnúmer: L103034, Matshluti: 01/02, Mælikvarði: 1 : 500, Aðalhönnuður: Hjalti Brynjásson, Hönnunarskjórir: Birkir Árnason, Teiknað af: Heiðar Samúelsson, Dagsetning: 22.3.2024, Útgáfa: , Samþykkt: .




Öll mál takist/staðfærast á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum skal tafarlaust tilkynna hönnuðum. Teikningar arkitekta skal lesa með teikningum meðhönnuða.

- Brunahöflun EI60
 - Brunahöflun EI90/REI90
 - Brunahöflun A-REI120
 - ÚT → Út-merki
 - GN Gólfnefurfall
 - LR Loftþræsting
 - HSL Handsókkvika
 - NL Neyðarlýsing
 - R Reykaskynjari
 - ! Stjórnfalla brunav kerfis
- Umferðarmál allra hurfa er a.m.k. 830mm



00-Kjallari
1:100



01-Hæð
1:100

Traðarholt

Brautarholt

Digitaly signed by Einar D.K. von Einarsson


 Einar D.K. von Einarsson
 c/o Bruna honnun
 Isóla 10
 101 Reykjavík
 einar@brunahonnun.com

Útg.	Dags.	Skýring	Br. af:
Verkhelti:		Brautarholt 16	
		Gistiheimili	
		105 Reykjavík	
Verkhelti:		Grunnmyndir kjallara og 1.hæð	
Teikninganúmer:		0.01.100	
Verknúmer:		24006	
Staðgreinir:		0-1-1242205	
Landnúmer:		L103034	
Matshluti:		01 / 02	
Mælikvarði:		As indicated	
Aðalhönnuður:		Hjalti Brynjarsson	
Hönnunarsjóri:		Birkir Arnason	
Teiknað af:		Heiðar Samúelsson	
Dagsetning:		22.3.2024	
Útgáfa:			
Samþykkt:			


Nordic Office of Architecture

Öll mál takist/staðfærast á staðnum áður en smíði hefst. Misræmi í teikningum skal tafarlaust tilkynna hönnuðum. Teikningar arkitekta skal lesa með teikningum meðhönnuða.


- Brunahöflun EI60
- Brunahöflun EI90/EI90
- Brunahöflun A-REI120
- Ut-merki
- GN Gólfheburfall
- LR Loftræsting
- HSL Handstökkvaski
- NL Neyðarlýsing
- R Reyksskjarni
- ! Stjórntafla brunav kerfis
- Umferðarmál alla hurfa er a.m.k 830mm



02-Hæð
1:100



04-Hæð
1:100



03-Hæð
1:100

Útg. Dags. Skýring Br.:




Verkhelti:	Brautarholt 16
	Gistiheimili
	105 Reykjavík
Verkhelti:	Grunnmynd 2-4.hæð
Teikninganúmer:	0.01.200
Verknúmer:	24006
Staðgreinir:	0-1-1242205
Landnúmer:	L103034
Matshluti:	
Mælikvarði:	As indicated
Aðalhönnuður:	Hjalti Brynjarsson
Hönnunarsjóri:	Birkir Arnason
Teiknað af:	Heiðar Samúelsson
Dagsetning:	22.3.2024
Útgáfa:	
Samþykkt:	



Digitally signed by Einar DN: cn=Einar, o=Enar, email=einar@brunahannun.com, c=IS, postalCode=105, street=105, telephone=+35422024006



Öll máli takist/staðfærast á staðnum áður en smíði hefst.
Mismæmi í teikningum skal tafarlaust tilkynna hönnuðum.
Teikningar arkitekta skal lesa með teikningum meðhönnuða.



Digitaly signed by Einar Örn Einarsson
Einar Örn Einarsson
093 Islandi HS
Islandi on Einar Örn Einarsson
einar@brunahonnun.is

Útg. Dags. Skýring Braf:

Verkefni:	Bratarholt 16
	Gistiheimili
	105 Reykjavík
Verkluti:	Sneiðing A, B og C
Teikninganúmer:	0.02.01
Verknúmer:	24006
Staðgreinir:	0-1-1242205
Landnúmer:	L103034
Matshluti:	
Mælikvarði:	1: 100
Aðalhönnuður:	Hjalti Brynjarsson
Hönnunarstjóri:	Birkir Árnason
Teiknað af:	Heiðar Samúelsson
Dagsetning:	22.3.2024
Útgáfa:	
Samþykkt:	



HALLARMÚLI 4 / REYKJAVÍK / ARKTHING@ARKTHING.IS / WWW.NORDICARCH.COM

Prentað: 4.9.2024 17:23:15

Skrá: C:\Norconsult\Autodesk\Revit\24006 - Bratarholt 16 - 2024_heisam.rvt



Norður
1:100



Vestur
1:100



Suður
1:100

Öll máli takist/staðfærast á staðnum áður en smíði hefst.
Misræmi í teikningum skal tafarlaust tilkynna hönnuðum.
Teikningar arkitekta skal lesa með teikningum meðhönnuða.



Digitally signed by Einar
DN: cn=Einar grnEinar
o=Brúna hannun
email=einar@brunahannun.
com

Útg.	Dags.	Skýring	Braf.

Verkefni: **Brautarholt 16**
Gistiheimili
105 Reykjavík

Verklut: **Útlit**

Teikninganúmer: **0.03.01**

Verknúmer: **24006**

Staðgreinir: **0-1-1242205**

Landnúmer: **L103034**

Matshluti:

Mælikvarði: **1:100**

Aðalhönnuður: **Hjalti Brynjarsson**

Hönnunarstjóri: **Birkir Árnason**

Teiknað af: **Heiðar Samúelsson**

Dagsetning: **22.3.2024**

Útgáfa:

Samþykkt:



Nordic
Office of
Architecture

Jón Þorsteinn Gunnarsson

Umsögn birt **22.03.2025**

Fyrir hönd Húsfélagsins Skipholt 11-13 mótmælum við allt of fáum bílastæðum við Brautarholti 16, miðað við væntanlegan fjölda íbúða sem fyrirhugaðar eru í húsinu. Samkvæmt upplýsingum verða sex bílastæði fyrir utan húsið og dugar það hvergi nærri fyrir marga tugi ferðamanna, sem búast má við að dvelji í húsinu. Stór hluti ferðamanna ferðast um landið á bílaleigubílum og eru slíkir bílar áberandi á þessu svæði fyrir utan önnur hús, meðal annars á bílastæðum við Skipholt 11-13.

Virðingarfyllt,
F.h. Húsfélagsins Skipholt 11-13,
Jón Þorsteinn Gunnarsson.



2

Rakel Tara Þórarinsdóttir

Umsögn birt **11.03.2025**

Frábært væri ef farið yrði í framkvæmdir á umræddri lóð en þar sem að allt of mörg skammtíma gistirými eru í götunni og nærumhverfi tel ég að fráleitt sé að nýta húsnæðið undir slíka starfsemi. Einnig er mikill skortur á bílastæðum í götunni og umferðarpungi ferðabifreiða nú þegar mikill. Fyrirhugaðar breytingar og framkvæmdir á húsnæðinu og lóðinni hljóma vel, en ekki notkun húsnæðisins.

1

Monika Agnieszka Wyrzykowska

Umsögn birt **30.10.2024**

Andmæli gegn byggingu nýrra íbúða án bílastæða fyrir íbúa í hverfinu

Við mótmælum harðlega áformum um að reisa nýjar íbúðir án þess að tryggja næg bílastæði fyrir íbúa á svæðinu. Slíkar framkvæmdir myndu valda umtalsverðum erfiðleikum fyrir núverandi íbúa og skapa vandamál sem hafa áhrif á lífsgæði þeirra.

Í dag er þegar mikil skortur á bílastæðum í hverfinu, sem veldur íbúum verulegum óþægindum. Þegar nýjum íbúðum er bætt við án viðeigandi aðstöðu fyrir bílastæði eykst álagið á núverandi bílastæði enn frekar. Það getur leitt til aukinnar umferðar og þirrings þar sem fólk er að leita að bílastæðum, og jafnvel haft áhrif á öryggi gangandi vegfarenda.

Ábyrgð sveitarfélaga er að tryggja að innviðir hvers hverfis séu viðeigandi fyrir þá íbúafjölgun sem á sér stað. Að leyfa byggingu íbúða án bílastæða sýnir skort á langtímahugsun og virðingu fyrir núverandi íbúum.

Við hvetjum yfirvöld til að endurskoða þessar áætlanir og tryggja að næg bílastæði séu í boði fyrir íbúa hverfisins.



UMSÖGN skipulagsfulltrúa

Brautarholt 16

Varðar:

Grenndarkynnt byggingarleyfi - Athugasemdir og svör

Byggingarleyfisupprættir Brautarholts 16, USK24030336, nr. 217/2025, voru grenndarkynntir hagaðilum frá 25. febrúar 2025 til og með 25. mars 2025.

Eftirtaldir sendu athugasemdir / andmæli:

Jón Þorsteinn Gunnarsson, dags. 22. mars 2025 og
Rakel Tara Þórarinsdóttir, dags. 11. mars 2025

Byggingarleyfisupprættir Brautarholts 16, nr. 1255/2024, voru grenndarkynntir hagaðilum frá 22. október 2024 til og með 19. nóvember 2024.

Eftirtaldir sendu athugasemdir / andmæli:

Monika Agnieszka Wyrzykowska, dags. 30. október 2024

Almennt ganga athugasemdir hagaðila út á:

- Fækkun bílastæða í borgarlandi / skortur á bílastæðum innan sem utan lóða í umhverfinu
- Efasemdir um að notkun húsnæðisins undir gististarfsemi henti reitnum / nágrenninu


Efnislegar athugasemdir sem bárust eru í meginatriðum eftirfarandi:

Athugasemdir Jóns Þorsteins Gunnarssonar, dags. 22. mars 2025

1

Fyrir hönd Húsfélagsins Skipholti 11-13 mótmælum við allt of fáum bílastæðum við Brautarholti 16, miðað við væntanlegan fjölda íbúða sem fyrirhugaðar eru í húsinu. Samkvæmt upplýsingum verða sex bílastæði fyrir utan húsið og dugar það hvergi nærri fyrir marga tugi ferðamanna, sem búast má við að dvelji í húsinu. Stór hluti ferðamanna ferðast um landið á bílaleigubílum og eru slíkir bílar áberandi á þessu svæði fyrir utan önnur hús, meðal annars á bílastæðum við Skipholt 11-13.

Svör: Í greinargerð byggingarlýsingar kemur fram að engin bílastæði séu innan lóðar en að bílastæðin verði staðsett í borgarlandi. Það þýðir ekki að öll sex bílastæðin komist fyrir fyrir utan húsið eins og stendur í athugasemdinni ef frá er talið eitt bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Almenn bílastæði í borgarlandi eru öllum opin burt séð frá því hvert eða hvar erindið er.



Umbreyting byggingarinnar á lóð nr. 16 eins og á nokkrum öðrum lóðum innan þróunarsvæðis Brautarholts- og Skipholtsreita er hluti af stærri borgarþróun sem á sér stað í Reykjavík líkt og í öðrum borgum þegar eldri hverfi ganga í endurnýjun lífdaga, t.a.m. þegar ákveðin þjónusta og hrjúfari iðnaður færast fjær miðborgarkjarna og annarskonar finni þjónusta, t.a.m. gístistarfsemi, og íbúðahúsnæði kemur í staðinn. Samfara slíkri borgarþróun er mjög mikilvægt:


- Að byggja undir mannvænlegra umhverfi sbr. kafla II *Sjálfbær, lífvænleg og kolefnishlutlaus borg*
- Að gera ráð fyrir mikilvægum þjónustuinviðum sem flytja fólk á milli staða samfara því að borgar- og nærsveitarmönnun fjölgar
- Að skapa bæði vistvænlegt umhverfi sem byggja undir breyttar ferðavenjur en þar er:
 - fólk er í öndvegi í 1. sæti
 - almenningssamgöngur í 3. sæti en
 - einkabílar í neðsta sæti / 6 sæti
- Að brjóta upp ríkjandi samgöngutækni sem var lengi afgerandi mótunarafli borgarrýmisins.

Þessi atriði eru ávörpuð í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 en þangað sækja eða uppbygging og breytingar gegnum deiliskipulagsáætlanir, eða grenndarkynnt byggingarleyfi skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga innan einstakra lóða eins og tilfellið er innan lóðar nr. 16.

Umbreytingar og uppbygging gegnum borgarþróun innan lóða á þróunarsvæði Brautarholts- og Skipholtsreita (skilmálaeining 3.1.12, sjá hluta úr korti hverfisskipulags 3.1, Háteigshverfi, að neðan) þar sem tekið er tillit til víðari umhverfispáttá sem raktir eru að ofan, hófst um 2018 og stendur enn yfir:

- Gert er ráð fyrir að bílastæðum skv. núverandi horfi verði fækkað í fyllingu tímans þegar Borgarlína hefur starfsemi um 2031
- Að því leiðir að bílastæðum hefur ekki verið fækkað í samræmi við samþykktu byggingarleyfisupprætti í Brautarholti og Skipholti vestan Nóatúns eða í samræmi við breytt deiliskipulag einstakra lóða við sömu götur austan Nóatúns þar sem sú framkvæmd, fækkun bílastæða, bíður seinni tíma þegar Hlemmtorg verður fullgert og Borgarlínan hafið þjónustuakstur
 - Vert er að taka fram í þessu samhengi að sú framkvæmd mun byggja á sérstöku deiliskipulagi göturýma milli bygginga en er ekki byrjað á en þá fyrst verður gengið út frá því að almennum bílastæðum fækki og gangstétt breikki samhliða auknum gróðri sbr. meginmarkmið um þróun byggðar, landnotkun, byggingarmagn, þéttleika og yfirbragð byggðar skv. AR2040.

Ef reyndin er sú að allflestir hótélgestir / ferðamenn verði á bílaleigubíl á meðan dvöl stendur á hótelinu og muni leggja í borgarlandi þar sem aðgengið er auðvelt, áður en eða eftir að þeir ferðist um landið á bílaleigubílunum, þá er nauðsynlegt að taka upp gjaldskyldu á báðum reitunum í samræmi við ásókn því almenn bílastæði í borgarlandi verða æ takmarkaðri gæði og kostir sem ber að stýra. Sama á við um bílastæði innan einkalóða: með aukinni ásókn og eftirspurn væri tækifæri á að t.d. aðgangsstýra aðgengi gegn gjaldi.



Athugasemdir Rakelar Töru Þórarinsdóttur, dags. 11. mars 2025

2

Frábært væri ef farið yrði í framkvæmdir á umræddri lóð en þar sem að allt of mörg skammtíma gistirými eru í götunni og nærumhverfi tel ég að fráleitt sé að nýta húsnæðið undir slíka starfsemi. Einnig er mikill skortur á bílastæðum í götunni og umferðarþungi ferðabifreiða nú þegar mikill. Fyrirhugaðar breytingar og framkvæmdir á húsnæðinu og lóðinni hljóma vel, en ekki notkun húsnæðisins.

Svör: Tekið er að hluta undir áhyggjur varðandi hliðaráhrif sem geta skapast við það að koma fyrir gistirýmum í stækkaðri byggingu. Umbreyting húsnæðis á lóðinni í hótelrymi eða íbúðir, líkt og orðið hefur á nokkrum öðrum lóðum á Brautarholts- og Skipholtsreitum, er hluti af stærri borgarþróun eins og kemur fram í svörum við athugasemd nr. 1 að ofan. Verkefnið snýst ekki aðeins um það *hvernig brugðist verður við* heldur eins *hvaða valmöguleikar koma til greina umfram þann valmöguleika að fjölgun stæðum undir einkabíla*. Fyrst má álykta að svokölluðum sleppistæðum ætluð undir rútur sem þjónusta ferðafólk muni fjölga og teygja sig frá Snorrabraut upp í Holtin og eins Múla í fyllingu tímans eftir því sem gistirýmum fjölga.

Að því sögðu, og eins því sem kemur að hluta til fram í svörum við fyrri athugasemd að ofan, er þetta í raun flókið skilgreiningaratriði hvort eða hvenær skortur er á bílastæðum sem helgast af ólíkum breytum m.a. hvort aðgengi að bílastæðum sé ávalt fyrst í öndvegi eða byggt sé undir fjölbreyttari ferðarvenjur með annarskonar innviðum en bílastæðum, þá sér í lagi almenningsamgöngum, þ.m.t. Borgarlínu.

3

Andmæli gegn byggingu nýrra íbúða án bílastæða fyrir íbúa í hverfinu

Við mótmælum harðlega áformum um að reisa nýjar íbúðir án þess að tryggja næg bílastæði fyrir íbúa á svæðinu. Slíkar framkvæmdir myndu valda umtalsverðum erfiðleikum fyrir núverandi íbúa og skapa vandamál sem hafa áhrif á lífsgæði þeirra.

Í dag er þegar mikil skortur á bílastæðum í hverfinu, sem veldur íbúum verulegum óþægindum. Þegar nýjum íbúðum er bætt við án viðeigandi aðstöðu fyrir bílastæði eykst álagið á núverandi bílastæði enn frekar. Það getur leitt til aukinnar umferðar og þirrings þar sem fólk er að leita að bílastæðum, og jafnvel haft áhrif á öryggi gangandi vegfarenda.

Ábyrgð sveitarfélaga er að tryggja að innviðir hvers hverfis séu viðeigandi fyrir þá íbúafjölgun sem á sér stað. Að leyfa byggingu íbúða án bílastæða sýnir skort á langtímahugsun og virðingu fyrir núverandi íbúum.

Við hvetjum yfirvöld til að endurskoða þessar áætlanir og tryggja að næg bílastæði séu í boði fyrir íbúa hverfisins.

Svör: Eins og má skynja í athugasemdum að ofan er það persónubundið og tilfinningalegt mál hvernig fólk upplifir nýtingu bílastæða og skal ekki gert lítið úr þeim tilfinningum. Skoðanir á nýtingu plássins og borgarrýmisins eru mismunandi. Eins og rakið er í fyrri svörum við athugasemdum að ofan er það mat skipulagsfulltrúa að með bættri nýtingu lóðarinnar undir þjónustustarfsemi, og eins samgöngustjóra er beittir reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í borginni með skörpum hætti á þessu þetta þróunarsvæði í miðborginni, að framtíðar uppbygging sú sem áformuð er í grenndarkynntum byggingarleyfisuppráttum muni bæði byggja undir og auka aðgengi að öðrum samgöngumátum og þar með bæta umhverfið í heild sinni. Þetta er einnig í samræmi við stefnu um samgönguáætlun borgarinnar sem leggur áherslu á sjálfbærar og fjölbreyttar samgönguleiðir.

Almennt, með fækkun bílastæða í miðborginni, er verið að byggja undir notkunar annarra samgöngumáta en einkabíls sem er í senn öruggari, sjálfbærari og heilsusamlegri. Bílastæði taka almennt dýrmætt pláss sem gæti verið nýtt í annan tilgang, í tilfelli Brautar- og Skipholtsreita í framtíðar endurbyggingu göturýmis Skipholts og Brautarholts. Eins og sjá má á frágangi götu og gangstéttar Brautarholts við lóðamörk nr. 18-20 fyrir fjórum árum, **þá hefur bílastæðum EKKI verið fækkað í samræmi við samþykka byggingarleyfisupprætti sem voru grenndarkynntir 2018-2019 og samþykktir í framhaldinu. Eins og lýst að framan er beðið með að fækka bílastæðum í Brautarholti og Skipholti allt þar til deiliskipulagsgerð gatnanna hefst eftir að fyrsta lota Borgarlínu er tilbúin til notkunar 2031.** Þá er hinsvegar viðbúið að bílastæðum muni fækka og gangstéttar breikka í samræmi við áður samþykka byggingarleyfisupprætti sem hafa verið grenndarkynntir eða samþykktar deiliskipulagsbreytingar.

Bílastæðafjöldi og auðfengið aðgengi að þeim er ekki og getur ekki verið leiðandi stef innan borgarþróunar Reykjavíkur, nú eða til framtíðar!

Niðurstaða:

- Lagt er til að byggingarleyfisupprættir verði samþykktir óbreyttir

Skipulagsfulltrúinn Reykjavík